

Til bæjarráðs

Efni: Svar við fyrirspurn um fyrirkomulag við áramótabrennur

1. Þegar Garðabær samþykkir leyfi fyrir áramótabrennu, hvaða skilyrði þarf umsækjandi að uppfylla?

Svar:

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum ber að sækja um leyfi til sýslumanns til að brenna bálköst. Útgáfa leyfis er háð samþykki slökkviliðsstjóra og starfsleyfis heilbrigðisnefndar. Venjan er einnig að leita eftir umsögn viðkomandi bæjaryfirvalda.

Áramótabrenna á Álftanesi er í umsjón Skátafélagsins Svana, sbr. ákvæði í samstarfsamningi. Áramótabrenna við Arnarnesvog er í umsjón UMF-Stjórnunnar samkvæmt sérstakri samþykkt bæjarráðs.

Í umsögn Garðabæjar er mælt með útgáfu leyfis með því skilyrði að öll önnur áskilin leyfi liggi fyrir.

2. Er þess krafist að umsjónaraðilar séu á staðnum með gæslu til að passa upp á að almenningur, þ.m.t. börn, fari sér ekki að voða?

Svar:

Í brennuleyfi sem sýslumaður gefur út kemur eftirfarandi fram: „Ábyrgðarmaður skal vera á vettvangi á meðan bálköstur er brenndur. Hann skal sjá til þess að olúföt og önnur ílát verði fjarlægð áður en kveikt er í bálkesti og ábyrgjast vörslu á brennusvæði á meðan logar og þar til brenna er kulnuð.“

Gert er ráð fyrir að almenningur sýni varkárni við brennur og forráðmenn barna tryggi öryggi þeirra á og við brennusvæðið.

3. Hvernig er verklagið við að settum skilyrðum sé framfylgt?

Svar:

Á vegum leyfisveitanda fer ekki fram sérstakt eftirlit með einstaka brennum.

Traust er lagt á ábyrgðarmenn brennu um að þeir framfylgi þeim skilyrðum sem sett eru í útgefnu brennuleyfi.

Starfsmenn Garðabæjar hafa séð um að sanda og salta aðkomuleiðir að brennu og leggja til malarefni í brennustæði. Þá hafa starfsmenn á vegum bæjarins séð um hreinsun brennustæðis eftir brennu.